

Hafnarfjörður Skipulags- og byggingasvið  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður  
[bjarkij@hafnarfjordur.is](mailto:bjarkij@hafnarfjordur.is)

20.03.2014

**Efni : Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025**

Fyrir hönd Reiðveganeftndar í Kjalarnesþingi hinu forna sem er sameiginleg reiðveganeftnd hestamannafélaganna Adams í Kjós, Harðar í Mosfellsbæ, Fáks í Reykjavík, Sprettis í Garðabæ og Kópavogi, Sörla í Hafnarfirði, Sóta á Álftanesi, Brimfaxa í Grindavík og Mána í Keflavík eru eftirfarandi athugasemdir gerðar við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 er varðar reiðvegi :

Eina reiðleiðatengingin úr Hafnarfirði til suðurs er úr Stórhöfða um Óbrynnishraun og áfram sunnan við Undirhlíðar. Þannig að fyrir hestamenn sem koma úr Mosfellsbæ og Reykjavík eftir reiðleiðinni undir Hjöllunum er orðinn stór krókur sem þarf að fara til norðurs á leiðinni milli Klifsholts og Undirhlíða. Reiðleiðir sem sýndar voru á Aðalskipulagi 2005-2025 annarsvegar úr Fremstahöfða um Óbrynnishraun að Undirhlíðum og hinsvegar leið frá Hvaleyrarvatni um Kapelluhraun að Vatnsleysuvík hafa verið lagðar af.


Óskað er eftir að leiðin úr Fremstahöfða að Undirhlíðum verið sett inn á Aðalskipulag og að sett verði inn reiðleið sem tengir Hafnarfjörð við Vatnsleysuströnd.

Ósamræmi er á reiðleiðatengingum milli Hafnarfjarðar og Grindavíkur. Reiðleið úr Hafnarfirði er sunnan Undirhlíða en norðan Undirhlíða frá Grindavík. Reiðleið frá Krýsuvík til norðurs er sýnd norðanmegin við Kleifarvatn, en samkvæmt Aðalskipulagi Grindavíkur liggur reiðleiðin norðan við Sveifluháls.

Ósamræmi er á reiðleiðatengingum milli Hafnarfjarðar og Voga á Vatnsleysuströnd. Samkvæmt Aðalskipulagi Voga eru sýndar tvær reiðleiðir frá Vatnsleysuströnd til austurs. Önnur reiðleiðin er um Rjúpnadalhraun á línuvegi en engin reiðleið er sýnd á móti í Hafnarfirði. Hin reiðleiðin er sýnd sunnan Þjóðveggar við Hvassahraun, en engin reiðleið er sýnd á móti í Hafnarfirði.


Óskað er eftir því að sveitarfélögin Hafnarfjörður, Grindavík og Vogar samræmi tengingar á reiðleiðum sín á milli.


Reiðveganeftnd í Kjalarnesþingi hinu forna  
Sæmundur Eiríksson formaður  
S : 699 7747, [klopp@simnet.is](mailto:klopp@simnet.is)



Afrit : Grindavík bæjarstjóri  
Róbert Ragnarsson  
[robert@grindavik.is](mailto:robert@grindavik.is)

Vogar bæjarstjóri  
Ásgeir Eiríksson  
[asgeir@vogar.is](mailto:asgeir@vogar.is)

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	_____
Málsnr:	_____
Bréfal:	_____

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	26.3.2014
Málsnr:	1006284
Bréfal:	511